

## **Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um mótun stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík**

Lagt er til að sett verði stefna um fjölmeningarborgina Reykjavík. Stýrihópur verði settur á fót á vettvangi borgarráðs sem vinni stefnuna í samvinnu við öll svið borgarinnar, borgarbúa og aðra hagaðila, með inngildingu að leiðarljósi. Stýrihópurinn leggi drög að verk- og samráðsáætlun og leggi fyrir borgarráð til staðfestingar.

### **Greinargerð**

Reykvíkingar eru afar fjölbreyttur hópur. Árið 2022 voru yfir 30.000 innflytjendur í Reykjavík eða 22,4% af íbúa í Reykjavík, en innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis óháð ríkisborgararétti. Einnig eru sífellt fleiri Reykvíkingar sem eru fæddir og uppaldir hér á landi en hafa erlendan bakgrunn. Slíkur fjölbreytileiki er grundvöllur fyrir því að borgarsamfélag geti blómstrað, en til þess þarf að tryggja samþætta inngildingu, jafnrétti, virka þátttöku og innihaldsrík samskipti fyrir öll í reykvísku samfélagi. Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd tók gildi árið 2018 og gildi til ársins 2022. Mikið hefur breyst í samfélaginu á þessum tíma. Það er því tímabært að endurskoða nálgun á málaflokkinn í heild sinni, skapa skýra framtíðarsýn á fjölmeningarborgina Reykjavík, sjálfsmynd borgarinnar og sýn íbúa á það að vera hluti af slíku borgarsamfélagi. Sérstaklega skiptir hér máli að taka virkt samtal við fulltrúa innflytjenda, bæði innan borgarkerfisins svo sem við fjölmeningaráðið og utan þess.

Á fundi sínum þann 17. september 2019 samþykkti Borgarstjórn Reykjavíkur yfirlýsingu um fjölmeningarborgina Reykjavík, í samræmi við þátttöku borgarinnar í Evrópuráðsverkefninu fjölmeningarborgir (e. The Intercultural Cities Programme). Á þessum tíma hefur fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar einnig verið styrkt og mikilvægt að halda þeirri þróun áfram. Þar var lögð áhersla á að innflytjendur séu virkir þátttakendur í samfélaginu, með aðgang að öllu sem borgin hefur fram að færa. Framtíðarsýn á fjölmeningarborgina Reykjavík verður hins vegar að ná til allra íbúa sem mynda hér samfélag með sameiginleg grunngildi og gagnkvæma virðingu, ekki einungis til innflytjenda og þjónustu borgarinnar við þá.

Borgin verður að sjá til þess að fjölmeningarleg gildi endurspeglast í allri stefnumótun og þjónustu borgarinnar. Mikilvægt er að tryggja að öll svið borgarinnar taki þátt í að móta og innleiða sameiginlega framtíðarsýn.